

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Hafliði Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 44/1919:

Valdstjórnin
gegn
Karli Ólafssyni

D ó m u r :

Með lögregluglupingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 12. júní þ. á., var Karl Ólafsson til heimilis í Nýborg í Kaplaskjólí, dæmdur í 50 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á lög-reglusamþykkt kaupstaðarins, og er þessum dómi að ósk kærða skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi kveldið 14. maí þ. á. verið drukkinn á almannafæri hér í bænum, og þannig orðið brotlegur gegn 8. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur, staðfestrar 19. apríl þ. á., en það er í þessari grein talin hneykslanleg

hegðun að sjást drukkinn á almannafæri og lögð við sekt eigi lægri en 50 kr.

Kærði kannast við að hafa verið drukkinn umgetið kveld á götu hér í bænum, en telur það sér til málsbóta, að hann hafi engar óspektir gjört og eigi þekkt ákvæði hinnar nýju lögreglusamþykktar. Þessar afsakanir geta þó eigi þegið kærða undan ábyrgð fyrir nefnt brot á samþykktinni og verður hann að sæta sekt, er þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranu 50 kr., og með því að yfirdómurinn fellst og á málskostnaðarákvæði dómsins ber að staðfesta hann. Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málf lutninglaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefir verið vítalaus og sókn í því og vörn fyrir yfirdómi lögmet.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði Karl Ólafsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.